



Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 05.05. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Guðbjörg Harpa Valdímarsdóttir, Aníta Ómarsdóttir (fjarverandi), Sara Pálmadóttir (fjarverandi), Geirprúður Þórðardóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Agnes Jónsdóttir og Agnes Fjeldsted.

Dagskrá:

1. ERASMUS + verkefni – Samvinnuverkefni heimils og skóla

Ivanka Sljivic, umsjónarkennari í 2. bekk, sagði frá samstarfsverkefni nemenda og foreldra um að hjálpa nemendum af erlendum uppruna við komuna í Hraunvallaskóla. Verkefnið gekk út á að nemendur og foreldrar hjálpuðust að, undir stjórn kennara, við að finna hugmyndir sem geta nýst við bæta tengsl og líðan nemenda af erlendum uppruna í skólanum. Verkefnið var lagt upp út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og unnar voru 2 bækur þar sem hugmyndum var safnað saman og nemendur myndskreyttu. Verkefnið var líka hluti af ERASMUS verkefni sem skólinn er þátttakandi í og hefur fengið kynningu á erlendri grundu. Næsta skref í verkefninu er að vinna hugmyndirnar áfram í samvinnu við foreldrafélag skólans og stíga markviss skref í að efla tengsl heimilis og skóla með áherslu á foreldra af erlendum uppruna.

2. Foreldrakönnun Skólapúlsins

Farið var yfir niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins sem lögð var fyrir í febrúar og mars sl. Svarhlutfall í ár var 60,8% en foreldrar 120 nemenda voru í úrtaki. Könnunin skiptist í 5 þætti sem eru: Nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Skólinn kemur misjafnlega út hvað þessa þætti varðar. Margt er vel gert og svo er annað sem þarf að bæta. Rýna þarf valda þætti betur og fara í umbótastarf. Leitað verður til foreldra þegar að því kemur en allar niðurstöður munu birtast í starfsáætlun skólans. Helstu niðurstöður verða líka settar í foreldrabréf sem skólinn sendir frá sér í maí.

3. Nemendakönnun Skólapúlsins 6.-10. bekkur

Búið er taka sjö mælingar af átta. Af þeim 13 þáttum sem mældir eru þá er skólinn marktækt undir í þremur; Ánægja af lestri, þrautsegja í námi og hollt mataræði. Aðrir þættir eru ýmist yfir landsmeðaltali eða rétt undir. Þættir sem snúa að líðan og heilsu koma vel út en nemendur upplifa vellíðan, einelti mælist undir landsmeðaltali og hreyfing er að aukast. Þættir sem snúa að skóla- og bekkjaranda eru einnig jákvæðir en nemendur samsama sig vel við nemendahópinn, samband kennara og nemenda er gott og agi í tímum er við landsmeðaltal. Lokaniðurstöður verða birtar foreldrum með foreldrabréfi í júní og allar niðurstöður munu birtast í starfsáætlun skólans.

4. Foreldrasamstarf

Sagt var frá aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn var 2. maí sl. Fundurinn var fámennur en ný stjórn var kjörin og fulltrúar í skólaráð voru valdir. Rætt var um vel heppnaðan bekkjartenglafund sem haldinn var lok apríl en upplifun skólaráðs var að vel hafi tekist að virkja foreldra eftir erfið covid ár.

5. Símareglur Kynning á Fjölgreinadeild Hraunvallaskóla

Ekki náðist að ræða þennan lið en hann verður tekinn fyrir á næsta skólaráðsfundi sem haldinn verður í lok maí.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland